

# ÍMÚR Viðgerðarblanda fín

## Tækniblað/Notkunarleiðbeiningar



### Eiginleikar

**Notkunarvið:** Viðgerðarblanda fín er hraðharðnandi trefjastyrkt blanda ætluð til viðgerða á steinsteypu, t.d. til viðgerða á uppsöguðum sprungum, láréttum og lóðréttum flötum, köntum o. fl. Blönduna er hægt að nota bæði úti og inni. ATH: Blandan er „Non-Structural“ ÍST EN 1504-3:2005.

**Efnis eiginleikar:** Viðgerðarblanda fín er sementsbundin, blandað pólýmer og er tilbúin til notkunar, aðeins þarf að bæta í það réttu magni af vatni. Blandan er með 3 mm löngum polypropylen trefjum. Viðgerðarblanda fín er framleidd eftir kröfum ÍST EN 1504-3:2005 og er í flokki R1.

### Tæknilegar upplýsingar

Þurrefnisþörf, 1 mm lagþykkt	1,8 kg/m <sup>2</sup>	Mesta kornastærð	1,2 mm
Vatnsþörf	0,150 l/kg	Brunaflokkur	Óbrennanlegt

Meðal þrýstipól 28 daga	38 MPa	ÍST EN 12190:1998
Meðal beygjutogpól 28 daga	7,4 MPa	ÍST EN 12190:1998
Meðal þrýstipól 1 dags	15 MPa	ÍST EN 12190:1998
Meðal beygjutogpól 1 dags	3,9 MPa	ÍST EN 12190:1998

### Undirlag

Undirlagið verður að vera berandi og laust við öll óhreinindi ss. málningu, olíu, tjöru, ryk. Laust yfirborð, los, frostsKemmdir, slamma/efju o.þ.hl. verður að fjarlægja. Í flestum tilvikum þarf að hreinsa flötin vélrænt með t.d háþrýstipvotti, slípun eða sandblæstri. Gæta skal að því að brúnir á viðgerðarfleti séu hornréttar við heila fleti.

**Undirbúningur:** Eins og alltaf, þarf að miða múrvinnu við ytri aðstæður. Forðast þarf veðurskilyrði þar sem fer saman sólskin og mikill vindur fyrsta sólarhringinn.

Undirbúa þarf fleti á viðeigandi hátt. Annað hvort að bleyta þá eða grunna með ÍMÚR Múrgrunni, þ.e. fjölliðu grunni með um 12 – 13 % þurrefnisinnihald.

Ef fletir eru bleyttir eiga þeir að vera sem næst rakamettaðir en samt yfirborðs þurrir þegar viðgerðarvinna hefst.

Ef grunnað er með ÍMÚR Múrgrunni þarf grunnurinn að taka sig vel eða þorna áður en húðað er. Gleypna fleti getur þurft að grunna tvisvar og ráðlagt að þynna grunninn um 25% í fyrri umferð. Grunnurinn þarf að þorna milli umferða. Viðgerð skal lokið innan við sólarhring eftir að grunnað er, annars þarf að grunna aftur.

## Notkun

**Hitastig:** Blönduna á ekki að nota við hitastig undir +5°C eða yfir +25°C.

**Vatnsinnihald/ Blöndun/ Vinnslutími:** Ekki skal nota meira vatn við blöndun en þjálni krefst. Til viðmiðunar má sjá vatnspörfina í töflunni um tæknilegar upplýsingar og á límmiða á poka. Blöndunartími er mismunandi eftir því hve mikið er hrært í einu, en hræra skal blönduna þar til hún er kögglalaus og góð að vinna með. Blandan byrjar að harðna 20 til 30 mínútum eftir blöndun (háð hitastigi). Þess vegna skal þess gætt að blanda hæfilegt magn hverju sinni sem auðvelt er að vinna úr.

**Framkvæmdinni er skipt í tvö þrep:** Fyrst er þynntri blöndunni kústað á viðgerðarflötinn. Mælt er með að blanda efnið út í upplausn af ÍMÚR Akrýl-100 og vatni ( 1 : 2 ) þegar kústað er.

Síðan er viðgerðablöndunni með réttu magni af vatni smurt á viðgerðarflötinn, áður en kústunarahúðin storknar

**Efnispörf:** Hægt er að setja efnið út í allt að 40 mm lagþykktum.

**Aðhlúun:** Nýútlagðan múr skal verja fyrir of hraðri útbörnun, sérstaklega fyrsta sólahringinn eftir útlögn. Halda þarf múrhúð rakri fyrstu dagana eftir húðun ef þurrkur er mikill.

## Hreinsun

Strax eftir notkun skal þrifa verkfæri og áhöld upp úr volgu vatni.

## Þökkunarstærðir

Umbúðastærð er 25 kg poki og 5 kg fata.

## Geymsla

Viðgerðarblöndu fína á að geyma á þurrum og frostfríum stað. Geymsluþol blöndu er um 18 mánuðir frá þökkunardegi sem merktur er á umbúðir.

## Öryggisupplýsingar

Sementsblönduð efni hafa basíska verkun og leysa því upp húðfitu. Verja skal húð og augu með viðeigandi hlífðarbúnaði. Í öllum ÍMÚR blöndum er járnsúlfat til varnar krómexemi.

## Sérstakar upplýsingar

Ekki má nota vöruna á annan hátt eða við aðrar aðstæður en tekið er fram á ofangreindu tækniblaði, án samráðs við BM-Vallá. Tilgangur tækniblaðsins er að tryggja að efnið sé notað við réttar aðstæður og á réttan hátt.

Viðgerðarblöndu fína er ekki hægt að nota með sprautuvélum.

Ef nýtt tækniblað er gefið út, glata allar fyrri útgáfur gildi sínu.